

1873.

5. júlí.

gjörðinni á Vestmannaeyja kirkju, og með því nú heldur ekki kemur að því, að hann taki að sèr fangelsisgjörðina á tæðum eyjum, eins og þèr munuð sjá af öðru brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 3. þ. m., — en það er í ráði, að fela húsa-smið Sveini Sveinssyni það verk á hendur —, hefir stjórnarráðinu fundizt það réttast, að hætta við þá fyrirætlun, að láta *Klentz* takast á hendur aðgjörðina á kirkjunni, heldur leitast einnig við að fela Sveini Sveinssyni aðgjörðina, ef þèr álitíð hann hæfan til þess.

Ef svo fer, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, gjöríð samning við hann um, að hann taki að sèr tæð verk allt fyrir ákveðið kaup eptir samningi á næsta ári, samkvæmt eptiriti því af áætlun og lýsingu *Klentz's* sem fylgði með brèfi stjórnarráðsins til stiptamtmannsins yfir Íslandi, 25. maí f. á., og má kaupíð ekki fara fram úr 1,100 rd. Til leiðbeiningar við aðgjörðina sendum vèr með þessu brèfi fyrirmynd, sem þakið verði sniðið eptir, og ágrip af brèfi til dómsmálastjórnarinnar frá *Klentz*, dagsettu 24. ágúst 1871. Jafnframt og vèr bætum því við, að fè það, sem með þarf, auk þeirra 300 rd., sem kirkjan hefir til, mun verða tekið í fjárhagsáætlunina fyrir næsta reikningsár, mælumst vèr til, að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti.

8. júlí.

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til etazráðs og aðal-verzlunarfulltrúa, Hans A. Clausens, um heimtöngu brennivínsgjalds.

Eptir að stjórnarráðið í brèfi 15. marz þ. á. hafði svarað bænarskrá nokkurri, þar sem þèr, herra etazráð, og nokkrir aðrir íslenzkir kaupmenn sóktu um, að ýmsir annmarkar, sem þóktu vera á tilskipun handa Íslandi um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, yrði leiðrættir, hafði þèr á ný sent stjórnarráðinu bænarskrá, dagsetta 30. aprílm. þ. á. og mælt til,

1873.

8. júlí.

1) að þeim lögreglustjórum á Íslandi, sem eigi hafa aðsetur á verzlunarstöðunum, verði lagt fyrir, að veita mönnum, búsettum þar, umboð sitt til að gegna öllum störfum, er snerta afgreiðslu skipa, og heimtingu fyrnefnds gjalds;

2) að töðum embættismönnum eða umboðsmönnum þeirra verði sömuleiðis skipað, að vera við affermingu skipa, sem fluttir eru á til landsins áfengir drykkir, svo komizt verði að raun um, hve mikið sè að flutt í raun og veru, og gjaldið talið samkvæmt því, og

3) að þeim, sem flytja til landsins áfenga drykki, leyfist að greiða gjaldið með ávísunum, sem gefnar sè út samkvæmt staðfestum heimildarbræfum frá vel metnum bönkum, t. a. m. frá privatbáankanum í Kaupmannahöfn, eða Kaupmannahafnar- verzlunarbánka, eða láta upphæð þess veðs, er þeir kynni að selja stjórnarráðinu í hendur, og væri fólgið í móttökuskýrteinum frá þjóðarbáankanum, ganga uppí gjaldið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið það, sem hér segir:

Um 1. Dómsmálastjórnin getur ekki álitit, að nauðsyn sè til að skipa frekara fyrir um þetta. Samkvæmt opnu bréfi 28. desbr. 1836, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir með tilliti til tilskipana um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferðir, 9. grein, má ganga að því vísu, að þegar svo standi á, að sýslumaðurinn eigi ekki sjálfur heima á verzlunarstaðnum, eða í grennd við hann, þá sè annar maður þar við, sem hafi umboð sýslumanns til þess að sjá um afgreiðslu skipa, og samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 7. nóvbr. f. á.¹ er, einsog yður mun kunnugt, ekkert því til fyrirstöðu, að sýslumaður í forföllum sínum — en hér í þessu máli er eigi átt við annað, en að hann af einhverri orsök geti ekki verið viðstaddur —, gefi þessum manni umboð til að sjá um, að gjaldið á áfengum drykkjum verði heimtað saman. Það virðist ekki vera neitt efunarmál, að allir lögreglustjórnarnir komi heimtingu gjaldsins fyrir á þessa leið, og verður því ekki sèð, að skip nokkurt tefist vegna gjalds

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220.

1873.

8. júlí.

Þess, sem hér er verið að ræða um, fram yfir þann tíma, sem í sjálfu sér þurfti með, áður en tilsk. 26. febr. f. á. kom út, til afgreiðslu skipsins. Skyldi samt sem áður verða kvartað undan þessu og rök tilfærð, er það vitaskuld, að leiðrétting verði gjörð á því.

Um 2. Fyrir því að skipa lögreglustjórum, að framkvæma störf þau, sem hér er verið að ræða um, án nokkurs endurgjalds, er engin lagaheimild, og venjulega mundu fæðir embættismenn eða umboðsmenn þeirra eigi geta sjálfir verið viðstaddir við affermingu allra skipa, sem koma að, með því fleiri skip sigla opt upp á sömu höfn í einu, og það getur komið fyrir, að nokkrir dagar gangi til þess að afferma hvert þeirra. Þessvegna yrði að hafa við sérstaklega umsjón, eða með öðrum orðum að setja tollgæzluvald; í rauninni væri það mjög æskilegt, ef það yrði gjört, en ef ætti að koma því á fót á öllum verzlunarstöðum, mundi það verða samfara svo miklum kostnaði, að landssjóður Íslands gæti eigi staðizt hann, að minnsta kosti nú sem stendur. Þegar verið var að semja tilskipunina 26. febr. 1872, var það einmitt vegna þess, að tollgæzluvald eigi er til á Íslandi og ekki fæ fyrir höndum til þess að koma því á, að heimting gjaldsins var bundin við afgreiðslu skipsins en eigi við afferminguna, en skyldi nú þegar gjöra breytingu á þessu, gæti það ekki með neinu móti orðið öðruvísi, en að kostnaðurinn við tollgæzluvaldið yrði að lenda á þeim, sem flytja vörurnar til landsins.

Um 3. Þar sem þér hafið sókt um, að greiða megí gjaldið í Kaupmannahöfn, og þá byggt á því, að eins og nú sè ástatt komi það einnig jafnaðarlega fyrir, að sendir sè reiðupeningar frá jarðabókarsjóðnum hingað, þá skjátlást yður í þessu, með því nú langtum sjaldnar mun koma til tals, en áður, samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871 öðluðust gildi, að reiðupeningar hrúgist svo saman í jarðabókarsjóði Íslands, að nauðsyn beri til að senda þá hingað, en stjórnarráðið hefir einmitt tekið nokkuð tillit til þess, að tilskip. 26. febr. 1872 gæfi vonir um, að meira yrði til þar af reiðupeningum, en áður. Ef það nú leyfðist, að borga gjaldið, eins og þér stingið uppá, væri þessar

1873.
8. júlí.

vonir eigi að eins farnar, heldur gæti að því komið, að nauðsyn yrði á, eins og optar hefir viljað til áður, að senda reiðupeninga til jarðabókarsjóðsins, en því er samfara kostnaður til flutnings- og ábyrgðargjalds. Við þetta bætist, að allt það fyrirkomulag, sem stungið er uppá, virðist eigi vera svo mjög áriðandi fyrir kaupmannastöttina. Eftir skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefir, um aðflatning áfengra drykkja til Íslands, eru á árunum 1866-69 að meðaltölu fluttir til landsins á ári 436,434 pottar, og yrði því gjaldið af því, sem að fluttist, milli 30,000 og 40,000 rd. á ári. Sè nú tillit tekið til þess, að aðflutningur áfengra drykkja að öllum líkindum fari mjög minnkandi, eftir að tilskipunin 26. febr. 1872 hefir öðlazzt gildi, og jafnvel ef til vill verði helmingi minni en áður, verður eigi ætlað á hærri gjald en 20,000 eða 25,000 rd. á ári. En þegar þessari upphæð er jafnað niður á föstu kaupmennina á Íslandi, sem hërum-bil eru 60, auk lausakaupmanna, og jafnvel þótt byggt sè á því, að helmingur gjaldsins lendi á 5 eða 6 af þeim, sem hafa mesta verzlun, virðist að eins geta orðið umtalsmál um fremur lítil útlát í reiðupeningum, sem eigi munu vera svo mjög þungbær fyrir þá, sem í hlut eiga, en þetta sèst enn betur á því, að nokkrir kaupmenn hingað til annaðhvort alls ekki eða þá mjög sjaldan hafa notað sèr það, að þeim er leyft að greiða lesta-gjald í Kaupmannahöfn í stað þess að borga það á Íslandi.

Um uppástungu yðar um sjálfa borgun gjaldsins, skal þess því næst getið, að þótt fjárhagsstjórnin fengist til þess, að taka við gjaldinu, þá væri samt ekki hægt að borga gjaldið til aðal-féhirzlu ríkisins af þeirri sök, að upphæð þess yrði eigi tiltekin með vissu, fyr en skipið væri komið til Íslands, þar sem það gæti tekið vörur á leiðinni þangað með því að sigla upp á aðrar hafnir, auk þess sem yrði að greiða 2 af hundraði til lögreglu-stjórnanna. Aftur á móti mundi síður nokkuð vera því til fyrirstöðu, að borgun gjaldsins yrði komið fyrir á þann hátt, að hlutaðeigandi bánki gæfi út skuldbindingarbréf til dómsmálastjórnarinnar, þar sem hann gengist undir fyrir tiltekið tímabil, að minnsta kosti fyrir eitt ár í einu, og fyrir tiltekna upphæð, að

1873.

8. júlí.

borga víxlbréf eða ávísanir, sem yrði borgaðar jafnskjótt og þær væri sýndar fram, og sem sá kaupmaður, er kynni að vilja greiða gjaldið á þennan hátt, eða verzlunarstjóri hans á Íslandi gæfi út uppi gjaldið; að dómsmálastjórnin síðan tilkynnti hlutaðeigandi lögreglustjórum á Íslandi, að þeir mætti taka við ávísunum þessum sem borgun fyrir þann hluta gjaldsins, sem félli til landssjóðsins, en þeir 2 af hundraði, er þeim sjálfum bæri, skyldi greiðast í peningum; og að þeir kaupmenn, sem hefði verzlunarstaði á ýmsum stöðum á Íslandi, skyldi segja dómsmálastjórninni til, hve mikið yrði borgað á hverjum stað af því, sem skuldbindingarbréf bákans hljóðaði uppá.

Þótt nú þetta fyrirkomulag yrði samfara allmikilli fyrirhöfn fyrir stjórnina, og mundi, eins og sagt er, hafa í för með sér kostnað til flutnings- og ábyrgðargjalds, þegar það kæmi fyrir, að senda þyrfti peninga til jarðabókarsjóðsins, er stjórnarráðið samt eigi ótilleiðanlegt til að leitast við, að koma þessu fyrirkomulagi á, eptir að vör höfum fengið álit yðar um það, og sérílagi að því leyti, hvort þér eruð fúsir til að greiða hæfilegt gjald að tiltölu uppi kostnað þann, sem getið er um að leiða mundi af flutningsgjaldi, stimpilgjaldi, o. s. frv.

25. júlí.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald af útlendum fiskiskipum.

Í bréfi, dagsettu 8. f. m., hafið þér, herra landshöfðingi, útaf fyrirspurn frá foringjanum fyrir hinum frakknesku herskipum, er hafa stöðvar við Ísland, hvort gjald það, sem ákveðið er í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, 12. febrúar 1872., 3. grein, skuli greiðt einu sinni eða optar á sama fiskitíma, skýrt frá, að þér hafið svarað honum á þá leið, að samkvæmt tilskipuninni verði að greiða gjald það, sem fyrirskipað er af útlendum fiskiskipum, sem leita hafnar í neyð sinni, í hvert skipti, sem á að sýna hlutaðeigandi yfirvaldi skjöl skipsins, en að tilskipunin